

TVG Zimsen.

Starfsmenn

TVG Zimsen hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga starfsmanna félagsins. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að upplýsa starfsmenn um hvaða persónuupplýsingum félagið safnar og með hvaða hætti félagið nýtir slíkar persónuupplýsingar.

Persónuverndarstefna þessi nær til persónuupplýsinga er varða alla núverandi og fyrrverandi starfsmenn félagsins. Í persónuverndarstefnu þessari er jafnframt vísað til starfsmanna sem „þín“ og félagsins sem „okkar“.

Ef þú ert í vafa um það hvernig persónuverndarstefnan varðar þig, vinsamlega hafðu samband við persónuverndarteymi félagsins fyrir frekari upplýsingar. Samskiptaupplýsingar koma fram í lok stefnunnar.

1. Tilgangur og lagaskylda

Félagið leitast við að uppfylla í hvívetna persónuverndarlöggjöf og er persónuverndarstefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“), með síðari breytingum.

2. Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg eða nafnlaus teljast ekki persónuupplýsingar.

3. Persónuupplýsingar sem félagið safnar og vinnur

Við söfnum og varðveitum ýmsar persónuupplýsingar um starfsmenn okkar. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka starfsmenn og kann vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum að fara eftir eðli starfs.

Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem félagið safnar um starfsmenn sína:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- starfsumsóknir og meðmæli
- upplýsingar um menntun, þjálfun og starfsreynslu;
- ráðningarsamningar;
- upplýsingar um laun og hlunnindi og aðrar tengdar upplýsingar, svo sem um bankareikninga, kaup, dagpeninga og fleira;
- upplýsingar um stéttarfélagsaðild og lífeyrissjóð;
- upplýsingar úr starfsmannasamtölum;
- upplýsingar um vinnutengd slys;
- upplýsingar um áminningar;
- upplýsingar um nánasta aðstandanda;
- tímaskráningar og upplýsingar um viðveru starfsmanna;
- upplýsingar um veikindadaga og orlof;

- internet notkun;
- tölvupóstar á netfangi í eigu félagsins;
- upplýsingar um ástæðu starfsloka;
- aðgangsupplýsingar;
- upplýsingar úr ökuritum og
- upptökur úr öryggismyndavélum.
- Upplýsingar um innihald sakaskráa

Auk framangreindra upplýsinga, kann félagið jafnframt að vinna upplýsingar til staðfestingar á ríkisfangi frá Þjóðskrá Íslands og í ákveðnum tilfellum ef við á, staðfestingu á atvinnuleyfi innan EES.

Auk framangreindra upplýsinga kann félagið einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem starfsmenn láta félaginu sjálfir í té sem og, í undantekningartilvikum, aðrar upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar félaginu vegna starfsemi þess.

Að meginstefnu til aftar félagið persónuupplýsinga beint frá starfsmönnum. Í þeim tilvikum þar sem að persónuupplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun félagið leitast við að upplýsa starfsmenn um slíkt.

4. Hvers vegna söfnum við og vinnum persónuupplýsingar og á hvaða grundvelli?

Við söfnum persónuupplýsingum um starfsmenn fyrst og fremst til að geta uppfyllt skyldur okkar samkvæmt ráðningarsamningi við starfsmenn, á grundvelli heimildar/skyldu í lögum eða á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins.

Sú vinnsla sem framkvæmd er til að uppfylla skyldur samkvæmt ráðningarsamningi við starfsmenn felst einkum í vinnslu á eftirfarandi upplýsingum:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- starfsumsóknir, meðmæli og upplýsingar úr starfsviðtölum;
- upplýsingar um menntun, þjálfun og starfsreynslu;
- ráðningarsamningar;
- upplýsingar um laun og hlunnindi og aðrar tengdar upplýsingar, svo sem um bankareikninga, kaup, dagpeninga og fleira;
- upplýsingar um áminningar;
- upplýsingar úr starfsmannasamtölum;
- upplýsingar um veikindadaga og orlof; og
- tímaskráningar og upplýsingar um viðveru starfsmanna.

Upplýsingar sem unnar eru á grundvelli **ráðningarsamnings** starfsmanns eru nauðsynlegar svo félagið geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart starfsmönnum, og öfugt, svo sem vegna greiðslu launa eða til að meta hæfni starfsmanns til að vinna ákveðið verk. Veiti starfsmaður félaginu ekki nauðsynlegar upplýsingar getur það leitt til þess að félaginu sé ómögulegt að uppfylla skyldur sínar eða til þess að breyta þurfi verkefnum eða stöðu starfsmannsins innan félagsins.

Félagið kann einnig að safna og vinna persónuupplýsingar á grundvelli **lögmætra hagsmuna**, svo sem í **öryggis- og eignavörsluskyni**. Dæmi um það er vinnsla myndefnis úr öryggismyndavélum, upplýsinga úr ökuritum, upplýsinga um tölvupósta og aðgangsupplýsinga.

Félagið birtir samskiptaupplýsingar um þig og upplýsingar um starfstítil á innri vef félagsins á grundvelli **lögmætra hagsmuna** félagsins í þeim tilgangi að starfsmenn geti haft samskipti sín á milli. Einnig gætum við óskað eftir **samþykki** þínu til þess að birta upplýsingar um afmælisdag á innri vef félagsins. Á innri vef gætum við einnig birt mynd af þér, sem og í tölvupóstforriti félagsins á grundvelli **lögmætra hagsmuna** félagsins, í þeim tilgangi að greiða fyrir samskiptum og auka öryggi samskipta.

Við óskum eftir upplýsingum um nánasta aðstandanda af öryggisástæðum og til þess að **vernda brýna hagsmunum þína** sem starfsmanns.

Upplýsingar um ástæður starfsloka vinnum við á grundvelli **lögmætra hagsmuna** okkar auk þess sem slíkar upplýsingar gætu verið nauðsynlegar til þess að **hafa uppi eða verja réttarkröfur**.

Félagið getur að auki í einhverjum tilvikum unnið persónuupplýsingar á grundvelli **lagaskyldu**, s.s. vinnulöggjafar og skattalöggjafar. Sem dæmi má nefna vinnslu upplýsinga um vinnutengd slys auk upplýsinga um lífeyrissjóð og stéttarfélagasáild.

Vinnsla félagsins á sakavottorðum og ríkisfangi þar sem það á við byggir á **lögmatum hagsmunum** félagsins og, eftir atvikum, til þess að félagið geti fullnægt lagaskyldu sem hvílir á félaginu.

Í þeim tilvikum þar sem söfnun og vinnsla persónuupplýsinga byggir á **samþykki** þínu, er þér ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki. Öll samskipti í tengslum við slíka afturköllun eða breytingu á innihaldi samþykkis skal beina til persónuverndarteymis félagsins.

5. Miðlun til þriðju aðila

Félagið kann að miðla persónuupplýsingum um starfsmenn til verktaka og annarra þriðju aðila vegna vinnu þeirra fyrir félagið í tengslum við ráðningarsambandið. Einnig gæti persónuupplýsingum verið miðlað til þriðju aðila sem veita félaginu upplýsingatækniþjónustu og aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri félagsins.

Þriðju aðilar sem veita okkur þjónustu samkvæmt framansögðu gætu verið staðsettir utan Íslands. Félagið mun ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

TVG Zimsen er hluti af fyrirtækjasamstæðu með starfsstöðvar um allan heim. Félagið kann að deila upplýsingum um þig með öðrum félögum innan sömu samstæðu að því marki sem slíkt félag veitir TVG Zimsen þjónustu, þ. á m. launavinnslu. Starfsstöðvar félaganna kunna að vera utan Evrópska efnahagssvæðisins og í þeim tilfellum sem TVG Zimsen miðlar upplýsingum til starfsstöðva sem ekki eru innan Evrópska efnahagssvæðisins mun TVG Zimsen tryggja að gripið hafi verið til viðeigandi öryggisráðstafana í samræmi við viðeigandi persónuverndarlöggjöf.

Persónuupplýsingar um þig kunna verið afhentar til þriðju aðila að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna, s.s. til Vinnueftirlitsins ef vinnutengt slys verður, til stéttarfélaga, tollyfirvalda, lífeyrissjóða eða tryggingarfélaga. Einnig kann persónuupplýsingum þínum að vera miðlað til þriðja aðila til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði. Afhending getur einnig verið nauðsynleg í neyðarástandi eða til að tryggja öryggi starfsmanna félagsins eða þriðja aðila.

6. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Félagið leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Dæmi um slíkar öryggisráðstafanir eru aðgangsstýringar að kerfum þar sem upplýsingar um þig eru vistaðar. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

7. Varðveisla á persónuupplýsingum

Félagið mun leitast við að varðveita aðeins persónuupplýsingar um þig eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar, nema annað sé heimilt eða skylt samkvæmt lögum.

8. Réttindi þín hvað varðar þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur

Þú átt rétt á að fá aðgang og í ákveðnum tilvikum afrit af þeim persónuupplýsingum sem við vinnum um þig sem og upplýsingar um vinnsluna.

Við ákveðnar aðstæður kannt þú jafnframt að hafa heimild til að óska eftir því að persónuupplýsingum um þig verði eytt eða að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Þá átt þú rétt á að fá persónuupplýsingar þínar leiðréttar, séu þær rangar eða óáreiðanlegar. Því er mikilvægt að þú tilkynnir okkur um allar breytingar sem kunna að verða á persónuupplýsingum þeim sem þú hefur látið okkur í té, á þeim tíma sem við á.

Auk þess kann að vera að þú eigir rétt á afriti af þeim upplýsingum sem þú hefur afhent okkur á tölvutæku formi, eða að við sendum þær beint til þriðja aðila.

Þegar við vinnum persónuupplýsingar þínar á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar getur þú andmælt þeirri vinnslu.

Framangreind réttindi þín eru þó ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda félagið til að hafna beiðni þinni um að nýta þér umrædd réttindi.

9. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er í 8. gr. í stefnu þessari, eða ef þú hefur einhverjar spurningar vegna persónuverndarstefnu þessarar eða það hvernig við vinnum með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við persónuverndarteymi félagsins sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina þér um réttindi þín samkvæmt persónuverndarstefnu þessari.

Ef að þú ert ósátt/ur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum getur þú sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

10. Samskiptaupplýsingar

Hjá félaginu sér persónuverndarteymi um að hafa umsjón með eftirfylgni þessarar persónuverndarstefnu. Hér fyrir neðan má finna samskiptaupplýsingar teymisins:

Persónuverndarteymi félagsins: privacy@tvq.is

Samskiptaupplýsingar félagsins:

TVG Zimsen.
Sundakletti 2
104 Reykjavík

11. Endurskoðun

Félagið getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á persónuverndarstefnu þessari verður starfsmönnum send uppfærð útgáfa af stefnunni eða slíkt kynnt starfsmönnum á annan sannanlegan hátt.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið kynnt starfsmönnum félagsins.

Þessi persónuverndarstefna var sett þann 9.júlí, 2018. Uppfærð 9. júlí 2021